



Myndræn orð og setningar

Tvær krukkur eru ólíkar hinum og það setur að mér hroll þegar ég tek þær upp úr boxinu. Þær eru alveg glærar á meðan glerið í hinum er brúnleitt. Lokin eru silfurlituð í stað svartra eða állitaðra loka hinna. Þessar tvær eru merktar með rauðum krossi og númeri. Önnur er númer 29 og hin er númer 30 (bls. 18).

Fyrst fór græna blandan út í pottinn, síðan sú gula og loks dularfull, dökkrauð blanda. Henni hafði fundist þetta líta út fyrir að vera blóð og það lyktaði líka eins og blóð en hún spurði einskis. Þetta var galdraseyði sem enginn fengi uppskriftina að (bls. 22).

Skrugga merkir þruma eða þrumuveður (bls. 26).

„Þar sem jörð veltist og skrugga fellur“ (á við um lífsteina, bls. 26).

Sumar kynjaskepnur og skrímsli hafa orðið til vegna galdra og meðal þeirra voðalegustu eru kynjaslöngurnar ógurlegu (bls. 43).

Sæmundur fróði átti pípu eina sem hafði þá náttúru að þegar í hana var blásið komu einn eða fleiri púkar til þess sem í hana blés og spurðu hvað þeir ættu að gera (bls. 50).

Hann fellur á einhvern hátt alveg fullkomlega inn í umhverfið þar sem hann situr á steini í slitinni ullarpeysu með rauðbrúna þrjónahúfu á kollinum, tyggjandi harðfiskinn og með vasahnífinn í hendinni. Þetta er tímalaus mynd af Íslendingi sem hefði alveg eins getað verið uppi fyrir hundrað árum ef ekki væri fyrir nútímalega og vandaða gönguskóna (bls. 68).

Vatnið ólgar og lyftist og fellur á víxl en í stað þess að kyrrast aftur eins og síðast birtist nú gríðarstór, rauðgrár haus upp úr vatninu sem er eiginlega ekkert annað en stór kjaftur á glansandi risakúlu. Fyrir ofan gríðarlegan skoltinn eru tveir svartir blettir sem ég geri ráð fyrir að séu augun. Ég veit eiginlega ekki hverju þessi skepna líkist. Kjafturinn opnast og við okkur

blasir skoltur með beittum tönnum. Risatunga, svört og klofin eins og á eiturslöngu, teygir sig út á milli hvassra tannanna (bls. 76-77).

Hópur skuggafólks situr í kringum járntunnu sem í logar eldur. Fólkið er klætt í skinnflíkur sem flestar eru sams konar svartir, síðir leðurfrakkar. Hvítir skinnkragar eru á stórum hettunum sem lafa annarhvort niður á bak eða liggja yfir höfðum fólksins (bls. 105).

Kunnugleg kona í bláum kyrtli kemur æðandi á móti okkur og hvítt hárið flaksast undir gullinni kórónu. Hún lítur út eins og tröllkona í ham þar sem hún stormar að Kormáki og löðrungar hann. Síðan æpir hún af öllum lífs og sálarkröftum og lyppast að lokum grátandi í fang hans (bls. 113).

Þegar jörðin kyrrist á ný stend ég ringluð á fætur. Fjölmörgu englastyttturnar hennar ömmu vega annaðhvort salt á hillubrúnum eða hafa skollið í gólfið og brotnað. Hvítir englavængir úr postulíni liggja á við og dreif um stofugólfið. Myndirnar hanga skakkar á veggjunum og þungur sófinn hefur hlunkast langt inn á stofugólfið (bls. 129).

Við göngum af stað og ég hugsa um það eitt að komast af þessu rafmagnaða hættusvæði. En þá sjáum við bláleita ljósör skjótast með drunum niður gegnum þunna þokuslæðuna beint fyrir framan okkur. Í örstutta stund gneistar ljósið og neonblátt heldur það áfram að lýsa niðri á jörðinni. Við hlaupum að ljósinu þar sem bláleitur eldur logar í kringum lítinn, rauðan stein (bls. 132).

Við blasir húsapyrping, allsendis ólík þeim húsum sem er að finna í álfheimum. Skökk og skæld húsin eru alveg hvít og raðast einhvern veginn upp í hallandi húsahrúgu í brekkunni. ... Efst í húsapyrpingunni trónir aftur á móti það sem við leitum að. Svarta húsið er greinilega bústaður þess sem hér ræður ríkjum. Tvær turnspírur minna á kastala (bls. 134).

Hávært skvamphljóð heyrir þegar risavaxið höfuð Hams gusast upp úr vatninu. Hann ýlir hátt til móts við matmóður sína og ryksugar síðan fiskana upp úr vatninu eins og flugur úr gluggakistu (bls. 142).

Upp úr vatninu rísa karlar og konur, smávaxið haffólk og ég veit að þarna eru marmennlarnir komnir til aðstoða okkur og huldufólkið. Þegar þulan hefur verið kyrjuð þrisvar sinnum í kór stingur Hamur sér ýlfrandi að mér með opið ginið og ég veit að nú er rétta stundin runnin upp. Ég helli galdraseyðinu upp í ginið á honum og kasta lífsteininum á eftir (bls. 145).

Risastór skrokkurinn engist sundur og saman og þegar Skuggi blæs enn einu sinni í blístruna sé ég risavaxinn kjaft Hams teygja sig upp á land og slæma tönnunum utan um Skugga sem á engan veginn von á þessum viðbrögðum kynjaslöngunnar (bls. 146).

Saman horfum við á litla orminn sem liðast yfir á laufblað. Ég beygi mig niður að honum og mér finnst enn örla fyrir gulum lit í augunum en erfitt er að greina það inni á milli gulra sóleyjanna (bls. 148).